

K-20P ÍSKRAPAVÉL

HÁMARKAÐU AFLAVERÐMÆTI MEÐ RÉTTRI KÆLINGU

Notkun ískrapa til kælingar á afla er talin ein allra best leiðin til að ná sem bestri og jafnastri kælingu og þar með hámarks aflaverðmæti. Ískrapavélar frá Kælingu Víkurafla eru afkrastur áratuga þróunar og reynslu af notkun þeirra við mjög krefjandi aðstæður á Íslandsmiðum og víða um heim. Ískrapavélar eru mikið notaðar um borð í fiskiskipum en einnig af vinnslum í landi.

Af hverju að nota ískrapa?

Ískrapi er ein besta kælileið fyrir afla sem er í boði. Ískrapi umleikur allan aflann og tryggir þannig jafnari og betri kælingu t.d. í samburði við hefðbundinn ís. Flekkir á roði vegna ójafnrar kælingar heyra sögunni til. Auðvelt að dæla ískrapanum þar sem best er nýta hann í ferlinu hvort sem það er á sjó eða í landi.

Fyrir fiskiskip og vinnslur í landi

Vinsældir ískrapa fara ört vaxandi bæði á sjó og í landi. Ískrapi hentar afar vel fyrir allan afla úr sjó og einnig önnur matvæli. Þykkni ískrapa getur verið misjafnt frá 10% í 40% íþykkni á móti sjó. Þunnur ís 10-20% er notaður við vinnslu en þykkari upp í 40% þegar ísa á afla niður í kór.

K-20P ískrapavélin í hnotskurn

K-20P getur framleitt allt að 5.071 lítra af ískrapa á klukkustund. Vélin er búinn forkæli sem tryggir jöfn afköst við allt að 15°C sjóhita. Saltinnihald þarf að vera 2,6% NaCl að lágmarki. Ef auka þarf saltinnihald er hægt að nýta saltþækkilkerfi. Sjónotkun við 15° er allt að 6.500 lítrar á klukkustund og sjósiun 30 mikron.

Tækniupplýsingar

Spennugjafi:	3x 230 V / 3x 400 V
Orkunotkun:	48 kW
Kæligeta í kW:	75 kW
Kæligeta í kcal/klst:	64.655 kcal/klst.
Ískrapaframleiðslugeta af 10% ís við 0°C sjóhita:	6.339 l/klst.
Ískrapaframleiðslugeta af 40% ís við 0°C sjóhita:	1.858 l/klst.
Ísframleiðsla á 24 klst. við 0° sjóhita:	18.923 kg.
Forkælir tryggir jöfn afköst við sjóhita allt að:	15°C
Lágmarks saltinnihald:	2,6% NaCl
Stærð (LxBxH):	2000x1300x1850 mm
Þyngd:	1.780 kg
Kælismiðill:	R404A / R449A
Sjósiun:	30my
Sjónotkun við kælingu á búnaði við 15° sjóhita:	6.500 l/klst.

Fyrirferðalítil búnaður og sveigjanlegur í uppsetningu

Ískrapavélar taka lítið pláss miðað við afköst og eru samsettar úr sjálfstæðum einingum. Sveigjanleiki í uppsetningu er því mjög mikill þannig að ískrapavélum hefur alltaf verið komið fyrir þrátt fyrir takmarkað pláss. Lagnir eru leiddar frá ískrapavél á þann stað eða staði þar sem nýta þarf ískrapann.

Nútíma stjórnbúnaður með fjartengingu

Stjórnbörð fyrir ískrapavélar eru tölvustýrð og með snertiskjá. Tengja má mörg stjórnbörð við hverja ískrapavél. Algengt er að vera með stjórntölvu í brú og aðra á vinnsludekki. Fjartengibúnaður gerir þjónustuteymi okkar mögulegt að tengjast ískrapavélum kanna stöðu þeirra, uppfæra og fínstilla ef þess þarf.

Ending og áreiðanleiki í allt að 25 ár

Fyrstu ískrapavélar frá Kælingu Víkurafla voru teknar í notkun árið 2005. Allar þær vélar sem hafa verið í þjónustu frá upphafi eru ennþá í notkun. Með reglubundnu eftirliti og réttu viðhaldi má reikna með endingu í 25 ár eða jafnvel lengur.



Kæling Víkurafl ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kælilausna fyrir sjávarútveg. Við vinnum stöðugt að því markmiði að viðskiptavinir okkar geti hámarkað aflaverðmæti með réttri kælingu á öllum stigum. Kælilausnir frá Kælingu Víkurafla hafa náð fótfestu bæði hér á landi og erlendis enda hafa þau staðið fyrir gæði, áreiðanleika, afköst, endingu og góða þjónustu.